

# **Lífeyrissjóður bankamanna**

**Fjárfestingarstefna  
Aldursdeildar  
2015**



## **Fjárfestingarstefna Aldursdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna**

Í samræmi við reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða.

### **1. Lífeyrissjóður bankamanna, Aldursdeild**

Lífeyrissjóður bankamanna hétt áður Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans en starfsemi hans má rekja aftur til ársins 1929. Hinn 1. janúar 1998 breyttist nafn sjóðsins og starfsemi var skipt í tvær deildir, Hlutfallsdeild og Stigadeild (nú Aldursdeild). Aðildarfyrirtæki Aldursdeilda eru Landsbankinn hf., Seðlabanki Íslands, Arion banki, Reiknistofa bankanna, Samtök starfsmanna fjármálfyrirtækja, Valitor hf., og Lífeyrissjóður bankamanna. Stigadeild veitti fram til loka 2007 réttindi óháð aldri sjóðfélaga þegar iðgjald var greitt. Í upphafi árs 2008 var tekin upp aldurstengd réttindaöflun og jafnframt fengu greiðandi sjóðfélagar viðbætur á réttindi sín í séreign vegna lægri réttindaöflunar í samtryggingu til framtíðar.

### **2. Tryggingafræðileg staða**

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar miðað við lok árs 2013 sýndi að verðmæti eigna deildarinnar að meðtöldum iðgjöldum en frádegnum kostnaði vegna fjárfestinga reiknast 48.956,3 milljónir og skuldbindingar vegna lífeyris og rekstrarkostnaðar 50.462,5 milljónir. Mismunur eigna og skuldbindinga reiknast því -1.645,7 milljónir, eða -3,0% af skuldbindingum.

Staða deildarinnar er innan þeirra marka sem almennt eru áskilin í lögum nr. 129/1997 en þar eru hámark vikmarka milli eigna og skuldbindinga 10% á einstöku ári og 5% fyrir stöðu samfellt í fimm ár. Til bráðabirgða hefur þessum mörkum verið breytt í 15% og 10%. Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna tiltaka ekki ákvæðin vikmörk fyrir mun eigna og skuldbindinga en í 5. grein samþykktar er að finna almennt ákvæði um að jöfnuður skuli vera milli eigna og skuldbindinga.

### **3. Markmið og forsendur ávöxtunar**

Ávöxtun fjármuna Aldursdeilda Lífeyrissjóðs bankamanna skal vera í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lifeyrisréttinda og starfsemi lifeyrissjóða. Fjárfestingar taka mið af varkárn og meginþungi þeirra skal vera á skipulegum mörkuðum. Haga skal ávöxtun eigna Aldursdeilda með þeim hætti að samspli ávöxtunar og áhættu sé sem hagkvæmast. Fjárfestingarstefna Aldursdeilda tekur mið af réttindakerfi, lifeyrisbyrði og áætluðu framtíðargreiðsluflæði vegna lífeyrisskuldbindinga sjóðsins. Iðgjaldsgreiðslur deildarinnar eru talsvert hærri en lifeyrisgreiðslurnar og samkvæmt útreikningum byggðum á tryggingarfræðilegi athugun má gera ráð fyrir að svo verði áfram næstu ár. Lágmarksávöxtunarkrafa til eignasafns Aldursdeilda er 3,5%.

Eignasamsetning 1. ágúst 2014 og vænt ávöxtun 2015-2018

Eignasamsetning Aldursdeildar þann 1. ágúst 2014 var eftirfarandi:

- 80,2% innlend skuldabréf – þar af 19,7% innlán í íslenskum fjármálastofnunum
  - 11,8% innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini
  - 4,8% erlend hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur verðbréf
  - 3,2% aðrar fjárfestingar

Ýtarlegri sundurliðun á eignum er að finna í fylgiskjali I. Útreikningar á væntri ávöxtun eignasafnsins sýna að gera má ráð fyrir 3,7-4,1% árlegri raunávöxtun á næstu fjórum árum. Að teknu tilliti til rekstrarkostnaðar er gert ráð fyrir að meðalávöxtun umfram lágmarksávöxtunarkröfu verði 0-0,3% á ári.

Vænt ávoxtun	2015	2016	2017	2018
Raunávöxtunarkrafa	3,5%	3,5%	3,5%	3,5%
Rekstrarkostnaður	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%
Raunávöxtun	4,1%	4,0%	3,7%	3,7%
Umframávöxtun	0,4%	0,3%	0,0%	0,0%

Aldursdeild Lífeyrissjóðs bankamanna hefur það markmið að ná 4,5% meðalraunávöxtun til langstíma með 5-6% árlegu staðalfráviki. Áhætta eignasafns í formi árlegs staðalfráviks hefur verið áætluð á grundvelli mánaðarlegra sögulegra gagna 10 ára tímabils. Ávöxtun er reiknuð yfir íslenskar krónur. Útreikningar á væntri ávöxtun til næstu fjögurra ára miðað við eignasafn Aldursdeilda gera ráð fyrir 3,7-4,0% raunávöxtun, miðað við varfærnar ávöxtunarforsendur, sem er undir markmiði sjóðsins til langstíma.

Nokkur óvissa er um hver raunávöxtun eignasafns Aldursdeildar verður á næstu árum. Fjárfestingarþörf deildarinnar á næsta ári er um 3 ma.kr. eða um 11% af núverandi eignum. Nettó innstreymi er til deildarinnar þar sem iðgjöld greiðandi sjóðfélaga eru enn umtalsvert umfram lífeyrisgreiðslur og auk þess koma til afborganir af skuldabréfum í eigu deildarinnar. Sú ávöxtun sem verður í boði fyrir nýjar fjárfestingar ræður því töluberðu um hver raunávöxtunin verður. Í töflu um vænta ávöxtun að ofan er gert ráð fyrir að það takist að endurfjármagna á meðalkröfunni 3,0% en hér á eftir má sjá næmnigreiningu miðað við ólíkar forsendur um ávöxtun nýrra fjárfestinga næstu fjögur ár.

Næmnigreining	Vænt umframávöxtun			
V/nýrra fjárfestinga	2015	2016	2017	2018
2,0% ávöxtunarkrafa	4,4%	4,2%	2,8%	2,6%
2,5% ávöxtunarkrafa	4,4%	4,2%	3,1%	2,9%
3,0% ávöxtunarkrafa	4,4%	4,2%	3,3%	3,2%
<b>3,5% ávöxtunarkrafa</b>	<b>4,4%</b>	<b>4,2%</b>	<b>3,6%</b>	<b>3,5%</b>
4,0% ávöxtunarkrafa	4,4%	4,2%	3,8%	3,8%

#### 4. Fjárfestingarstefna 2014

Það er mat sjóðsins að eftirfarandi samsetning sé þannig háttað að sjóðurinn muni geta staðið við skuldbindingar sínar til framtíðar. Í töflunni eru tilgreindar takmarkanir sem gilda um tegundir verðbréfa fyrir árið 2014.

	Neðri mörk	Miðja	Efri mörk
Innlend skuldabréf	60%	72%	100%
Innlend hlutabréf	0%	18%	25%
Erlend skuldabréf	0%	1%	35%
Erlend hlutabréf	0%	4%	20%
Óhefðbundnar fjárfestingar	0%	5%	10%

Með innlendum skuldabréfum er átt við spariskírteini, ríkisbréf, íbúðabréf, húsbréf, húsnæðisbréf, skuldabréf sveitarfélaga, fyrirtækjaskuldabréf, skuldabréf banka, innlán og veðlán til sjóðfélaga. Með hlutabréfum er átt við eign í einstökum bréfum eða óbeint í gegnum hlutdeildarsjóði, þar með talið slhf félög. Í fylgiskjali I er ítarlegri sundurliðun á stöðu og viðmiðum einstakra eignaflokka. Við ákvörðun viðmiða er stuðst við áhættustefnu sjóðsins og greiningu á áhættueðili einstakra eignaflokka og áhættuþoli deildarinnar eins og það er metið í áhættustefnu sjóðsins.

Eignasamsetning Aldursdeilda miðað við 1. ágúst 2014 er innan fjárfestingastefnu og samræmist markmiðum stjórnar sjóðsins um eignasamsetningu.

#### Nánara niðurbrot fjárfestingarstefnu

Aldursdeild er heimilt að fjárfesta fé sitt með eftirfarandi hætti:

- a) Víxlar og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs
- b) Skuldabréf sveitarfélaga
- c) Innlán í bönkum og sparisjóðum
- d) Skuldabréf lánastofnana
- e) Innland hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða
- f) Hlutabréf skráð á markaði
- g) Skuldabréf tryggð með veði í íbúðarhúsnæði
- h) Innland hlutabréf sem ekki eru skráð á markaði
- i) Skuldabréf fyrirtækja
- j) Önnur verðbréf
- k) Kaup og rekstur íbúðahúsnæðis

Aldursdeild á ekki hlut í fyrirtækjum sem eingöngu sinna þjónustuverkefnum fyrir sjóðinn.

Eignasamsetning skal vera í samræmi við VII. kafla laga nr. 129/1997



## Takmarkanir

- Hlutdeild óskráðra verðbréfa skal ekki fara yfir 20%, að undanskildum skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign.
- Skal samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum sbr. lög um fjármálafyrirtæki, eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins fyrir þá tegund verðbréfa sem falla undir staflíði b-j hér að neðan. Engar slíkar takmarkanir skulu vera á þeim tegundum verðbréfa sem falla undir staflíð a.
- Fyrir öll önnur verðbréf en þau sem tilgreind eru í liðum a-j má samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni ekki vera meiri en 5% af hreinni eign sjóðsins.
- Innlan í banka og sparisjóði til sama aðila skal ekki vera meiri en 25% af hreinni eign sjóðsins.
- Eign lífeyrissjóðsins í hverjum verðbréfasjóði má ekki vera meiri en 25% af útgefnum hlutdeildarskírteinum hlutaðeigandi verðbréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs.
- Eign lífeyrissjóðs eða einstakri deild hans í verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum innan sama rekstrarfélags má ekki vera meiri en 25% af hreinni eign.
- Samanlögð eign í verðbréfum sem tilgreind eru í liðum b,d og j útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum sbr. lög um fjármálafyrirtæki, eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni og innlanum í bönkum og sparisjóðum skal ekki vera meiri en 25% af hreinni eign sjóðsins.
- Óheimilt er að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki eða í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
- Óheimilt er að eiga meira en 50% af hreinni eign í erlendum gjaldmiðlum.
- Óheimilt er að eiga í fjárfestingarsjóðum sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu.
- Óheimilt að fjárfesta meira en 60% af hreinni eign í hlutabréfum.
- Atvinnugreinaskipting:
  - Innland hlutabréfæign skal taka mið af atvinnugreinaskiptingu á Nasdaq OMX Iceland markaðnum.
  - Erlend hlutabréfæign skal taka mið af GICS atvinnugreinaflokkun Morgan Stanley og Standard & Poor's.
  - Fyrirtækjaskuldabréfum skal vera vel dreift milli helstu atvinnugreina. Engin ein atvinnugrein skal hafa meira en 50% vægi til lengri tíma en vegna aðstæðna á fjármálamörkuðum nú má þetta hlutfall vera 80% til skemmri tíma. Fyrirtækjaskuldabréf eru lítill hluti heildarsafns sjóðsins og því hefur áhætta í þessum eignaflokk lítil áhrif á heildaráhættu sjóðsins.

## Fasteignatryggð skuldabréf

Hlutfall fasteignaveðtryggðra skuldabréfa í ágúst 2014 er 6,5% af hreinni eign. Eingöngu er um að ræða lán til sjóðfélaga. Hámarksfjárhæð láns er 25 m.kr. Lán er veitt gegn veði í íbúðarhúsnæði. Upplýsingar um útlánareglur eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins.

R. V. B. S.  
B. B. S. E. H.

## Erlendar fjárfestingar og afleiður

Í fjárfestingarstefnunni eru sett fram markmið um að erlendar fjárfestingar verði á bilinu 0-50% af verðbréfasafni deildarinnar. Gert er ráð fyrir að afleiður kunni að vera notaðar en eingöngu til að draga úr áhættu eignasafnsins. Hlutfall afleiða af heildarsafni er þó bundið þeim takmörkunum sem sjóðnum eru settar með lögum nr. 129/1997.

## Markmið um meðallíftíma

Markmið um meðallíftíma skuldabréfa er 10 til 16 ár. Vegið meðaltal var 11,5 ár 1. ágúst 2014.

## Samningur um virka eignastýringu hjá þriðja aðila

Um 10% eigna deildarinnar eru nú í virkri eignastýringu hjá þriðja aðila.

## 5. Endurskoðun fjárfestingarstefnu

Fjárfestingarstefna þessi skal tekin til endurskoðunar með reglulegu millibili eftir því sem ástæða er til að teknu tilliti til framangreindra markmiða um ávöxtun og áhættu og markaðsaðstæðna hverju sinni. Könnun á því hvort ástæða er til endurskoðunar skal framkvæmd eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti. Breytingar á fjárfestingarstefnu skulu gerðar skriflega.

Nú hefur verið samþykkt áhættustefna fyrir Lífeyrissjóð bankamanna fyrir árið 2014 og var hún ásamt áhættugreiningu sem unnin er árlega samkvæmt henni höfð til grundvallar við móturn nýrrar fjárfestingarstefnu fyrir árið 2015. Ársfjórðungsleg skoðun eignasafnsins samkvæmt áhættustefnu er liður í því að kanna hvort ástæða er til að endurmeta gildandi fjárfestingarstefnu á hverjum tíma.

Reykjavík, 12. nóvember 2014

Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bankamanna

Hljóðvar. Valdimarsson

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna

Hjónabothið Ungraridistri  
Furbatfrank

Aste H. Bragðadótt.

Bergþora Sigurðardótt.

Hljóðvar. Valdimarsson  
Hljóðvar. Valdimarsson

Fylgiskjali I

**Skipting fjárfestinga eftir tegundaflokkum sbr. 36. gr. laga nr. 129/1997**

**Markmið um samsetningu eigna**

**Aldursdeild**

Íhlutfalli af hreinni eign til greiðslu lífeyris	Markmið um eign-samsetningu	Víkmörk	II	Staða í ágúst 2014	Hámark skv. samþykktum	Gengisbundin verðbréf	Víkmörk	IV	V	Óskráð verðbréf	Víkmörk
Innlán í bönkum og spariðum og aðrar peningamarkaðseignir	15%	0-35%	20%	Ekkert hámark	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0-35%
Ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	42%	30-100%	43%	Ekkert hámark	0%	0-50%	0%	0%	0%	0%	0%
Skuldabréf bæjar- og sveitafélaga	2%	0-7,5%	2%	Ekkert hámark	0%	0-7,5%	0%	0%	0%	0%	0-7,5%
Skuldabréf og viðarl. banka, spariðða og annarra lánaстofnana	2%	0-7,5%	2%	Ekkert hámark	0%	0-7,5%	0%	0%	0%	0%	0-7,5%
Fasteignatryggð skuldabréf	7%	0-25%	6%	Ekkert hámark	0%	0%	0%	10%	10%	0%	0-25%
Hlutabréf	12%	0-25%	9%	Ekkert hámark	0%	0-25%	0%	0%	0%	0%	0-25%
Hlutur og hlutdeildarsíteini annarra sjóða um sam. fjárfestingu	15%	0-30%	13%	Ekkert hámark	0%	0-30%	0%	0%	0%	0%	0-30%
Ibúðarhúsnæði	0%	0-10%	0%	Ekkert hámark	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0-10%
Önnur verðbréf*	5%	0-10%	5%	Ekkert hámark	0%	0-10%	0%	0%	0%	0%	0-10%
Samtals		100%		100%		8%		15%			

Hámark samkvæmt samþykktum

20%

50%

\*Önnur verðbréf eru skuldabréf fyrirtækja ofl.